



Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auður Capital, segist hafa ánægju af að fara ótroðnar slóðir og hefur lítið velt fyrir sér karllægum og kvenlægum gildum í gegnum tíðina. Með aldri og reynslu hafi hún hins vegar viljað virkja kvenlegrihliðarnaríviðskiptum. VBMYNDR/HARI

Ónumið land Kristínar

Auður Capital er fyrsta fjármálafyrirtæki á Íslandi sem stofnað er af konum og setur rekstur á vegum kvenna eða fyrir konur í forgrunn. Einn helsti tilgangurinn er að auka aðgengi kvenna að fjármálaheiminum. Kristín Pétursdóttir, forstjóri félagsins, segir þær vera að feta sig inn á ónumið land. Talsvert aðrar aðferðir þurfi til að nema það en nýttar eru í fjármálageiranum í dag.

SINDRI FREYSSON
sindri@vb.is

Stofnendur Auður Capital, þær Halla Tómasdóttir, fyrrum framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, og Kristín Pétursdóttir, fyrrum aðstoðarforstjóri Kaupþing Singer & Friedlander, eygja viðskiptafæri í vaxandi auðlegð kvenna og breyttu gildismati. Þær vilja beita annarri og kvenlægarí nalgun við fjármálaþjónustu en áður hefur staðið til boða. Einnig hefur fyrirtækið sett á stofn fjárfestingarsjóð, Auður I, sem hefur að markmiði að fjárfesta í starfandi fyrirtækjum sem eru í eigu kvenna, þar sem þær eru í forsvari eða lykilstjórnendur, eða sinna sérstaklega þjónustu eða framleiðslu fyrir konur með einhverjum hætti. Þegar

fjármögnun sjóðsins lauk í mars sl. nam heildarfjárhæð áskrifta 3,2 milljörðum króna. Alls tók 21 fjárfestir þátt í verkefninu og meðal þeirra eru flestir af stærstu lífeyrissjóðum landsins sem og aðrir stofnana- og fagfjárfestar.

Það sjónarmið heyrðist þegar tilkynnt var um stofnun Auður Capital að samkeppnisaðilar myndu fagna ykkar á þeim forsendum að nú gætu þeir vísað þeim konum sem þeir vildu ekki eiga viðskipti við af einhverjum sökum til ykkar án þess að blettur felli á ímynd þeirra. Hvað er hæft í þessu að þínu mati?

„Þetta finnst mér mjög áhugavert, því hafi þetta viðhorf hefur komið fram lýsir það því að einhverjir karlar telji að konur hafi ekkert fram að færa í viðskiptum, hafi ekki áhuga á að sýsla með fé og séu ekki að standa í fjárfestingum. Þannig afgreiða þeir mál-

“

„Ekki aðeins konum hugnast að eiga viðskipti við fjármálafyrirtæki sem stýrt er og í eigu kvenna, heldur einnig fjölmörgum körlum.“

íð án þess að horfa betur á það sem er að gerast. Þessi viðhorf er

nákvæmlega ástæðan fyrir því að Auður Capital er til, vegna þess að þarna er gap á markaði og það er heimlikill ábati í því fölginn að sinna þessum viðskiptum og þessum markhópi. Það þarf að nálgast hann aðeins öðru vísi en hinn hópinn og menn gera það svo sannarlega ekki með þessum viðhorfum.“

Annað úr svipaðri átt. Þið náðu á dögunum þeim markverða árangri að safna 3,2 milljörðum króna í fjárfestingarsjóðinn Auði I frá 21 fagfjárfesti, þar á meðal mörgum af stærstu lífeyrissjóðunum. Rættar tungur héldu sum- ar fram að svo góður árangur á þrengingartínum í efnahagsmálum hlyti að stafa af því að fjárfestarnir kynnu ekki við annað en að styðja verkefni sem bæri með sér pólitíska réttuhugun; hvornig svararðu viðhorfum sem þessum?

„Ég held að þetta endurspeglir viðhorf mjög fárra aðila og í raun dæmi þau sig sjálf. Ég er sannfærð um að fjárfestingarákvarðanir þeirra sem lögðu fé í Auði I hafi alfarið verið byggðar á köldu og faglegu mati á því að áætlanir okkar fela í sér gott fjárfestingartækifæri og engu öðru. Mörgum finnst vinkillinn mjög áhugaverður og telja hann fela í sér nýja hugtök. Ég held líka að margir hafi lítill vel á þvi teymi sem við höfum verið sett saman og býr yfir mikilli reynslu og þekkingu. Að reyna að sverta þann góða árangur endurspeglar ákveðna þröngsýni og vankunnáttu þeirra sem láta ummælin falla, þar sem eitthvað er útmál- að sem minna áhugavert vegna þess að konur koma við sögu. Slík viðhorf lýsa best viðhorfum þeirra sem svo mæla og í besta falli má segja þau kjánaleg.“





“

„Við höfum engin lík í skottinu; ekki með nein töp á bakinu, risalán eða ónýtar fjárfestingar. Hvernig sem á það er lítið er tímasetningin til að taka til starfa alveg frábær.“

“

„Mörgum kvenkyns viðskiptavinum hugnast ekki að taka á þessum gríðarlega karllægu forsendum. Þarna er gap á markaðinum.“

Hefði þurft kvenlæ加里 gildi með Kannanir hafa sýnt fram á áhættufælni kvenna í viðskiptum. Fyrir vikið eru þær ólíklegri en karlar til að sigla fyrirtækjum í gjaldþrot, en sumir vilja meina að viðskipti þeirra skili lægri hagnaði af sömu ástæðu. Hvað finnst þér um þetta sjónarmið?

„Ég held að þetta fari oft saman, þ.e. áhætta og ávöxtun. En ef við horfum á ástandið hérlendis seinustu árin, þar sem gríðarleg áhættusækni hefur ríkt, sjáum við skýr merki þess í dag, hverjar afleiðingar hennar geti verið. Ég spyr: Er það endilega betra að taka rosalega áhættu, græða svakalega og tapa svo öllu og rúmlega það, heldur en að taka minni áhættu, stíga varlega til jarðar og miða við að ná árangri til lengri tíma? Er sígandi lukka kannski að-

eins betri heldur en ætla að sigra heiminn á augabragði? Ég held að sífellt fleiri myndu fallast á það að það sé gáfulegra að reka málin með meiri ró og skynsemi en gert hefur verið á liðnum misserum.“

Hafa íslenskir fjárfestar þú tekið tryllingslegar áhættur að þínu mati undanfarið ár?

„Það má segja að áhættu meðvitund margra hafi nánast horfið, alls ekki þó allra. En vissulega þarf á stundum að taka áhættur og konur eru tilbúnar til þess. En þar hafa virka áhættu meðvitund, vilja brjóta til mergjar verkefnið, hafa meiri þolinmæði og eru tilbúnar til að byggja upp og hafa ábata af því sem þær gera til lengri tíma. Karlar hafa hins vegar oft skammtímasjónarmið að leiðarljósi, sem getur vissulega átt rétt á sér, en hins vegar þarf það

að haldast í hendur við áhættu meðvitundina.“

Telurðu að öðru vísi væri um að litast í íslensku viðskiptalífi ef konur hefðu haldið þar um stjórnvöðinn síðustu ár?

„Þetta er góð spurning en þó er sennilega ómögulegt að svara henni. Það hefði þó eflaust ekki verið verra að hafa meira af kvenlæ加里 gildum með þeirri stefnu sem rekin hefur verið á liðnum árum.“

Á ráðstefnunni Virkjum fjármagn kvenna sem haldin var í liðnum mánuði sagði viðskiptaráðherra ekki útilokað að settur yrði kynjakvóti á atvinnulífi ef fyrirtæki nýttu ekki krafta kvenna frekar en nú þekktist. Konur á ráðstefnunni tóku þessari hugmynd jálega, þó að henni hafi m.a. verið hrint í framkvæmd í Noregi, þar sem skilyrt er að lágmark 40% stjórnarmanna í fyrirtækjum skuli vera konur. Hver er þín skoðun um atvinnulífið verði skikkað til að rýma fyrir konum?

„Ég er alfarið á móti því og tel að markaðurinn muni leysa þennan vanda, því fyrirtæki munu án efa átta sig á þeim efnahagslega ávinningi sem felst í því að nýta betur þekkingu og hæfni kvenna við stefnumótandi ákvarðanatökur. Það eina jákvæða við norsku leiðina er að breytingin gerist strax, en ég held að þessi leið sé ekki góð til lengri tíma lítið. Þarna er verið að þvinga breytingu í gegn og koma á ákveðnu kerfi með boðum og bönnum og ég er viss um að það sé óhyggilegt og að alls kyns vandamál muni koma upp í framhaldinu. Það tekur lengri tíma fyrir markaðinn að finna lausn en ég er sannfærð um að hún verði betri, og vil því fara þá leið fremur en að gripið verði til valdboðs.“

Hræringar geta af sér ný tækifæri

þegar þið stofnið fyrirtækið er staðan sú að samdráttur er í efnahagslífinu, lausafjárskortur á markaði, hlutabréjaverð er að hrapa niður o.s.frv. Stofnuðuð þið ekki fyrirtækið á versta mögulega tíma?

„Við byrjuðum að undirbúa stofnun fyrirtækisins fyrir um ári og allt þetta sem þú lýsir hefur gengið yfir á undirbúningstímnum. Ástandið er vissulega erfitt og það er miður að horfa upp á fólk sem hefur farið mjög illa vegna niðursveiflu. Staðreyndin er samt sem áður sú að fyrir fyrirtæki á borð við Auður Capital og þá starfsemi sem við reukum er núverandi tími mjög góður til að taka til starfa. Við stundum fjárfestingatengda starfsemi og það er sama hvert lítið er, fyrir utan

hrávöru á borð við olfu og gull er nánast allt á markaði, fyrirtæki og hlutabréf, ódýrara en það var fyrir t.d. einu ári síðan. Þegar hlutirnir eru nær botni en toppi er miklu áhugaverðara að fara inn á markaðinn og það sem gengið hefur á að undanförmu hristir gífurlega upp í öllu kerfinu. Það kann að vera óþægilegt fyrir suma meðan það gerist en út úr hræringunum koma ný tækifæri og ástandið getur af sér nýjar hugmyndir. Við erum líka svo heppin að hafa engin lík í skottinu; ekki með nein töp á bakinu, risalán eða ónýtar fjárfestingar. Þannig að hvernig sem á það er lítið er

“

„Mig langaði að finna nýja áskorun og uppgötva hvað ég gæti gert fyrir utan Kaupþing, og fylgdi þeirri löngun alla leið.“

tímasetningin til að taka til starfa alveg frábær.“

Fór samt ekkert um ykkur þegar syrti í álinn á markaði?

„Vissulega fór um okkur, við fylgjumst grannt með þróun á markaði og gerum ekki lítið úr niðursveiflunni, en það þýðir ekkert að fara á taugum. Við höfum náð að sjá tækifærin í öllu saman og halda ró okkar. Við höfum ávaxtað okkar pund vel og erum í geysilega góðum málum. Okkur hefur gengið vel að fóta okkur í þessu umhverfi og í þeim efnum skipti máli að fara af stað með hreint borð. Þau verkefni og fyrirtæki sem koma fram á tímum sem þessum eru oft þau sem ganga best í næstu uppsveiflu.“

Vanrækir ekki lengur kvenlegar hliðar

Þú hefur rætt um í viðtölum að vera gefin fyrir áskoranir og þrífast vel í umhverfi þar sem slíkar séu í boði. Er stofnun Auður Capital ekki stærsta áskorunin til þessa?

„Áskoranirnar hafa margar verið stórar, hver á sínum tíma og þegar þær eru metnar þarf að setja hlutina í samhengi, en á þessari stundu finnst mér Auður óneitanlega vera sú stærsta. Viðfangs efnið er öðru vísi en allt annað sem ég hef tekið mér fyrir hendur og sú sérstaða er óneitanlega hluti af því hversu gríðarlega skemmtilegt og spennandi mér finnst verkefnið. Ég hef ánægju af að fara ótroðnar slóðir og hef lítið velt fyrir mér karllægum og kvenlægum gildum í gegnum tíðina, aðeins einbeitt mér að verkefnum. En það er svo merkilegt að ég uppgötvaði þegar ég varð eldri og þroskaðri að þegar farið er í gegnum lífið með þessum hætti, þ.e. að hafa mikið keppnisskap, vera árangursdrifin og leita uppi stöðugt nýjar áskoranir, vanrækir maður ákveðnar kvenlegar hliðar. Ég held að í Auði Capital finni ég nýja áskorun þar sem mér tekst að sameina alla ofangreinda þætti, hið harða og hið mjúka.“

“

„Mig langaði að finna nýja áskorun og uppgötva hvað ég gæti gert fyrir utan Kaupþing, og fylgdi þeirri löngun alla leið.“

